

Reglur um dýrahald

1. Leigjendum Brynju er heimilt að sækja um leyfi til að halda einn hund eða einn kött.
2. Hundur skal vera skráður hjá viðkomandi sveitarfélagi, samkvæmt reglum þess.
3. Köttur skal vera örmerktur samkvæmt reglugerð um velferð gæludýra. Skylda er að örmerkja alla ketti.
4. Hafi húsfélag sett reglur skv. 3. mgr. 33. gr. laga um fjöleignarhús nr. 26/1994 um hunda- og/eða kattahald ber leigjanda að fylgja þeim.
5. Í sameign skulu hundar ávallt vera í taumi og í umsjá einstaklings sem hefur fullt vald og stjórn yfir þeim en kettir skulu vera í kattabúri.
6. Leigjandi skal ávallt gæta þess að dýrið valdi ekki ónæði, óþægindum eða tjóni fyrir aðra íbúa.
7. Allur óþrifnaður sem dýr veldur, hvort sem er innan húss eða utan, skal hreinsaður upp tafarlaust. Valdi dýr óþrifnaði í sameign er það á ábyrgð eiganda að sjá til þess að þrif fari fram. Sinni eigandi dýrsins því ekki er Brynju heimilt að leggja kostnað vegna þrifa á eiganda með kröfu í heimabanka.
8. Eiganda hunds er skylt að hafa í gildi ábyrgðartryggingu hjá tryggingafélagi sem bætir þann kostnað sem kann að falla á eigandann samkvæmt skaðabótalögum, valdi hundur hans þriðja aðila líkams- eða munatjóni.
9. Leyfi er eingöngu veitt fyrir smáhundum og miðlungsstórum hundum.
 - a) Smáhundur er skilgreindur sem hundur sem vegur undir 10 kg og er allt að 30 cm á hæð, mælt við herðakamb.
Dæmi um smáhund er Chihuahua, Yorkshire Terrier, Pomeranian, Franskur Bulldog.
 - b) Miðlungsstór hundur er skilgreindur sem hundur sem vegur undir 25 kg og er allt að 60 cm á hæð, mælt við herðakamb.
Dæmi um miðlungsstóran hund er Beagle, Cocker Spaniel, Border Collie, Bulldog.
10. Brynju er heimilt að afturkalla leyfi fyrir hundi eða ketti ef eigandi hefur ekki brugðist við áminningum, eða ef brot er þess eðlis að réttlætanlegt er að afturkalla leyfið að mati félagsins.
11. Brynju er heimilt að rifta leigusamningi vegna ítrekaðra brota á reglum Brynju um dýrahald, sem og vegna brota sem falla undir húsaleigulög nr. 36/1994 og lög um fjöleignarhús nr. 26/1994.

Reglur þessar tóku gildi þann 1. mars 2026 og verða endurskoðaðar eftir þörfum.